

85 dalahreppi slitnaði. Vorið 1887 fer Karólína með bóndanum á Harrastöðum að 5. októbr. Glitstöðum í Norðurárdalshreppi og hefir dvalið þar síðan, nema hvað hún dvaldi frá hausti til vors á Veiðilæk í Þverárhliðarhreppi 1896—1897. Karólína hefir skýrt svo frá fyrir rjetti, að húsbóndi hennar hafi komið sjer þar fyrir án sinnar ihlutunar og að því er hún hyggur í því sama skyni og henni var komið áður að Hrafnabjörgum, og var hann viðstaddur rjettarhaldið án þess að mótmæla þessum framburði.

Með því að eigi er sannað, að vera Karólinu Erasmusdóttur á Veiðilæk 1896—1897 hafi verið þannig vaxin, að hún með henni hafi sleppt heimilisfangi sínu á Glitstöðum, þá úrskurðast hjermeð, að Karólína skuli teljast sveitlæg í Norðurárdalshreppi.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndinni í Norðurárdalshreppi.

86 **Brjef stjórnarráðsins til biskupsins yfir Íslandi um embættislán**
12. októbr. **handa Holtsprestakalli.**

Með brjefi, dagsettu í gær, hafið þjer, háæruverðugi herra, sent hingað erindi frá prestinum að Holti undir Eyjafjöllum, Kjartani prófasti Einarssyni, þar sem hann sækir um leyfi til að taka allt að 400 kr. lán til aðgerðar Ásólfsskála-kirkju og setja tekjur Holtsprestakalls í veð fyrir. Leggið þjer það til, að leyft sje að taka lán úr hinum almenna kirkjusjóði til fyrirhugaðrar aðgerðar á kirkju þessari, allt að 400 kr., er ávaxtist og afborgist af tekjum Holtsprestakalls á 20 árum, að svo miklu leyti sem tekjur kirkjunnar hrökkva ekki til.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir umsækjanda, að stjórnarráðið samþykkir framangreinda tillögu yðar.

87 **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Rangárvallasýslu um**
12. októbr. **framfærslu barna.**

Sýslumaðurinn í Árnessýslu hefir með brjefi, dags. 14. júlí þ. á., lagt undir úrskurð stjórnarráðsins ágreining milli yðar, herra sýslumaður, og hans um mál eitt milli Biskupstungnahrepps í sýslu hans og Austureyjafjallahrepps í sýslu yðar útaf framfærslu óskilgetinna barna Sigríðar nokkurrar Helgadóttur, sem er sveitlæg í Biskupstungnahreppi, og Eyólfs nokkurs Sveinssonar, sem er sveitlægur í Austureyjafjallahreppi.

Málavextir eru þessir.

Foreldrarnir voru árið 1897 teknir upp frá búi í Austureyjafjallahreppi sakir fátæktar, en áður hafði hreppsnefndin þar spurzt fyrir um það hjá hreppsnefnd Biskupstungnahrepps, hvort hún kysi heldur, að börn þeirra framfærðust þar austur frá eða væru flutt á sveit móðurinnar Biskupstungnahrepp, og svaraði nefndin því þá þegar svo, að hún krefðist þess, að móðirin og öll börn hennar